



Safnahátíðindi

Seljasóknar

42. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2022



Seljakirkja á björtum vordegi

Upplýsingar um dagskrá Seljakirkju í apríl er að finna á baksíðu

Gleðilega hátíð

Hátíðisdagar brjóta upp hversdagsleikann og eru kærkomið tækifæri fyrir fjölskyldu og vini að gera sér glaðan dag. Nú í dymbilviku bíða okkar skírdagur og föstudagurinn langi, bænadagar, þar sem við minnumst kærleika Guðs sem birtist okkur í Jesú Kristi. Vikan er einnig kölluð kyrravika sem vísar til þess hve gott það er að kyrra hugann um stund og íhuga það sem dýrmætast er í lífi okkar. Páskavikan heilsar okkur síðan með gleði páskadags sem er mesti hátíðisdagur kristinnar kirkju. Páskadagur er sigurdagur þegar við fögnum sigri lífsins, fögnum og

gleðjumst að Kristur Drottinn reis upp frá dauðum. Gleði páskadags er fjölskvalaus og er sjaldan eins dýrmæt og eftir erfiðan vetur. Það er gott að sjá nú fram á bjartari tíma með komandi sumri og leyfa sigurhátíðinni að bera sig enn nær birtunni þegar gleðidögnum fjölgar. Við gleðjumst einnig yfir því að hægt verður að bjóða upp á helgihald og samfélag vina um bænadaga og páska í Seljakirkju og bjóðum þig hjartanlega velkomin/n. Megi Guð gefa þér blessunarríka bænadaga og gleðilega páska.

Bryndís Malla Elíðóttir

Höfðingleg gjöf til kirkjunnar

Í byrjun síðasta árs færðu börn prestshjónanna sr. Þórhalls Höskuldssonar, fv. sóknarprests á Möðruvöllum í Hörgárdal og á Akureyri og Þóru Steinunnar Gísladóttur, sérkennara, Seljakirkju fallega batikmynd eftir Katrínu Ágústsdóttur. Myndin, sem ber heitið Krossinn, býr yfir mikilli dýpt og birtir mörg tákni trúarinnar. En umfram allt á myndin að sýna trúna og leit manna að henni og til hennar.

Myndin verður formlega afhent í guðsþjónustu næsta haust, en hún verður betur auglýst þegar nær dregur.

Er gefendum, þeim Önnu Kristínu, Höskuldi og Björgu færðar alúðarþakkir fyrir þessa fallegu gjöf sem mun prýða miðrymi kirkjunnar.



Uppstigningardagur – dagur eldri borgara - 26. maí

Uppstigningardagur hefur verið helgaður eldri borgurum í kirkjum landsins og þeim sérstaklega boðið til kirkju. Hátíðarguðsþjónusta verður í Seljakirkju kl. 14 þar sem sr. Ólafur Jóhann Borgþórssonar predikar og

þjónar fyrir altari.

Að guðsþjónustu lokinni verður boðið upp á veglegt kaffihlaðborð. Boðið verður upp á akstur til og frá kirkju og panta má bilfar í síma 567 0110.

Vortónleikar Kórs Seljakirkju

Kór Seljakirkju heldur vortónleika föstudaginn 6. maí kl. 20 í Seljakirkju.
Fjölbreytt efnisskrá.

**Ókeypis aðgangur
og allir velkomnir!**



Fréttir

Sr. Bryndís Malla valin prófastur

Fyrir í vetur útnefndi biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, séra Bryndísi Möllu, prest okkar í Seljasöfnuði, sem nýjan prófast Reykjavíkurprófastsdæmis eystra og tók hún við embættinu þann 1. apríl síðastliðinn. Hlutverk prófests er margþætt; hann hefur, í umboði biskups, tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu vígðra og starfi sóknarnefnda auk þess sem hann er trúnaðarmaður biskups og ráðgjafi í kirkjulegum málum.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra er langfjölmennasta prófastsdæmi landsins og nær yfir Kópavog, Breiðholt, Grafarholt, Grafarvog og Árbæ. Samstarfsfólk og sóknarnefnd Seljakirkju óskar sr. Bryndísi Möllu til hamingju með embættið og biður henni Guðs blessunar í ábyrgðarmiklum störfum.

Morgunverður á páskadagsmorgni

Það er orðin ómissandi hefð að boðið er upp á glæsilegt morgunvarðarhlaðborð að lokinni hátíðarguðsþjónustu á páskadagsmorgni sem hefst kl. 8. Fátt er betra á þessum helga morgni en gleðjast saman með vinum og nágroñnum og tilvalið að bjóða með sér gestum til guðsþjónustunnar.

Seljakirkja á facebook

Á facebook síðu Seljakirkju er uppfærðar allar helstu upplýsingar um það sem framundan er í kirkjunni. Til að fylgjast betur með er tilvalið að setja „like“ á síðuna.



Fréttir

Sumarnámskeið í Seljakirkju

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á sumarnámskeið í Seljakirkju. Vel hefur tekist til með námskeiðin og hefur því verið ákveðið að halda þrjú vikulöng námskeið komandi sumar. Tvö námskeið verða fyrir 6 - 10 ára börn (1. - 4. bekk):

20. júní - 24. júní

27. júní - 1. júlí

Eitt námskeið verður haldið fyrir 5 - 7 börn ára sem fer fram

12. - 16. ágúst.

Dagskráin stendur frá kl. 9 - 16 en kirkjan er opin frá kl. 8.45 - 16. 15 og er þáttökukostnaður 12.000 kr. fyrir vikuna. Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg þar sem leitast er við að allir fái notið sín í öruggu umhverfi. Farið verður í vettvangsferðir, vatnsleiki, bakstur, inni- og útileiki svo eitthvað sé nefnt auk þess sem sagðar eru sögur úr Biblíunni, kenndar bænir og sungin skemmtileg lög.

Innifalið í verði er öll dagskrá og ferðir á námskeiðinu. Börnin koma með eigið nesti og er miðað við þrjár nestisstundir yfir daginn - ávextir verða þó í boði í morgunnestinu. Nánari upplýsingar má fá hjá Steinunni Önnu Baldvinsdóttur, æskulýðsfulltrúa kirkjunnar, sem heldur utan um námskeiðin en netfangið hennar er steinunn@seljakirkja.is.

Breyttur messutími í sumar

Eins og mörg undanfarin ár breytist guðsþjónustutíminn í Seljakirkju í sumar. Frá og með 1. maí og fram til loka ágústmánaðar verða guðsþjónustur í Seljakirkju á sunnudagsmorgnum kl. 11

Vinir Ragga Bjarna

á menningarvöku eldri bogara 26. apríl

Menningarvökurnar hafa að mestu legið niðri síðustu tvö árin, en nú tökum við upp þráðinn að nýju. Þriðjudaginn 26. apríl verður næsta menningarvaka og þá munu söngvararnir og gleðigjafarnir Björgvin Franz Gíslason, Þorgeir Ástvaldsson og Ásgeir Páll Ágústsson sjá um dagskrána að hætti stórvinar þeirra Ragga Bjarna. Þeir félagarnir

hafa sett saman vandaða dagskrá þar sem þeir syngja lög Ragga Bjarna og segja stórskemmtilegar sögur og brandara frá ferli stórsöngvarans. Að lokinni dagskrá verður gengið í safnaðarsalinn, þar sem neytt verður hátíðarmálsverðar að hætti Lárusar Loftssonar. Miðaverð er 2.000 kr. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í 5670110.

Göngumessur í júní

Göngumessurnar í Breiðholti hafa fest sig í sessi í júnímánuði. Að þessu sinni verður fyrsta gangan 12. júní og þá verður gengið frá Fella- og Hólakirkju í Breiðholtskirkju, sunnudaginn 19. júní verður gengið frá Breiðholtskirkju í Seljakirkju og hringnum verður lokað sunnudaginn 26. júní þegar

gengið verður frá Seljakirkju til Fella- og Hólakirkju. Gengið er af stað frá hverri kirkju kl. 10 og hefjast guðsþjónusturnar kl. 11. Messukaffið er einnig orðið ómissandi og þannig verða þessir morgnarnar næringarríkir fyrir sál og líkama.

Fermingar 2023

Nú á vormánuðum mun foreldrum barna sem fædd eru árið 2009 og skráð eru í Þjóðkirkjuna, verða send bréf með upplýsingum um skráningar í fermingarfræðslu næsta vetrar. Þá verður einnig hægt að velja fermingardag, en árið 2023 verður

fermt á eftirfarandi dögum: Sunnudag, 26. mars, kl. 10.30 og 13 Pálmasunnud., 2. apríl kl. 10.30 og 13. Skírdag, 6. apríl, kl. 10.30 og 13. Skráningar munu fara fram á vefnum seljakirkja.is.

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar fer fram að lokinni guðsþjónustu sem hefst kl. 11 sunnudaginn 8. maí.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundastörf
Kosningar til trúnaðarstarfa
Önnur mál.

Íbúar í Seljasókn, sem náð hafa 16 ára aldri og skráðir eru í Þjóðkirkjuna hafa atkvæðisrétt á fundinum.

Sóknarnefnd Seljasóknar.

Helgihald í Seljakirkju í apríl

10. apríl pálmasunnudagur

kl. 11	Barnaguðsþjónusta Steinunn Anna og Hákon leiða stundina.
kl. 10.30	Fermingarguðsþjónusta
kl. 13	Fermingarguðsþjónusta

14. apríl skírdagur

kl. 10.30	Fermingarguðsþjónusta
kl. 13	Fermingarguðsþjónusta

15. apríl föstudagurinn langi

kl. 11	Guðsþjónusta Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.
--------	---

17. apríl páskadagur

kl. 8	Morgunguðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar. Boðið verður upp á glæsilegt morgunverðarhlaðborð að athöfn lokinni.
-------	---

24. apríl fyrsti sunnudagur eftir páska

kl. 13	Guðsþjónusta. Sr. Bryndís Malla Elíðóttir predikar.
--------	--

26. apríl

kl. 18	Menningarvaka eldri borgara. Vinir Ragga Bjarna sjá um dagskrána. Hátíðarmatur að hætti Lárusar Loftssonar. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 567 0110.
--------	---

29. apríl

kl. 11	Guðsþjónusta í Seljahlíð Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar. Félagar úr Gerðubergskórnum leiða söng. Kári Friðriksson spilar á orgelið.
--------	--

Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng við guðsþjónusturnar í Seljakirkju og organisti er Tómas Guðni Eggertsson

Dauðinn dó, en lífið lifir,
lífs og friðar sólin skær
ljómar dauðadölum yfir,
dauðinn oss ei grandað fær,
lífið sanna sálum manna
sigurskjöld mót dauða ljær.

Kóngur lífs á krossi deyddur
krónu lífs mér bjó hjá sér,
dapur nú er dauði neyddur
dýrðarlíf að færa mér.

Þótt hann æði, þótt hann hræði,
það ei framar skaðvænt er.

Hann, sem reis með dýrð frá dauða,
duft upp lætur rísa mitt,
leyst úr fornum fjötrum nauða,
fyrir blóðið helga sitt.
Hold og andi lífs á landi
lífjafara sinn fá hitt.

Jesús minn, sem dauðann deyddir,
deyja gef mér eins og þú,
og við þig, í ljós er leiddir
lífið, æ að halda trú.

Lát mig þreyja þér og deyja,
þrá mín heit og bæn er sú.

Helgi Hálfðánarson - sb. 156



Safnaðartíðindi Seljasóknar
42. árg. 1. töl. Páskar 2022.

Seljakirkja
Hagasel 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Prentun: Svansprent.
Upplag: 3000 eintök.